

REGLUGERÐ

152

1. ágúst

um breyting á reglugerð nr. 133/1950, um stóreignaskatt
samkvæmt 12. gr. laga nr. 22/1950.

1. gr.

21. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Skattstjórinn í Reykjavík úrskurðar kærur út af álagningu stóreignaskatts, og má áfrýja úrskurði hans til ríkisskattaneftndar Íslands.

Skattstjóri skal hafa lokið að úrskurða kærur í Reykjavík í síðasta lagi 15. apríl 1951 og 15. maí annars staðar á landinu.

Kærufrestur til ríkisskattaneftndar er í Reykjavík til 15. maí 1951 og til 15. júní annars staðar á landinu. Skal hún hafa lokið kærurúrskurðum í síðasta lagi 15. október 1951.

Einnig getur skattgreiðandi og fjármálaráðherra, hvor um sig, áfrýjað úrskurði ríkisskattaneftndar til dómstóla, enda hafi úrskurði verið áfrýjað í síðasta lagi 1. desember 1951.

2. gr.

Í stað tímaákvörðunarinnar „30. júní 1951“ í 1. mgr. 22. gr. reglugerðarinnar komi: 1. nóvember 1951.

3. gr.

Með reglugerð þessari, sem öðlast þegar gildi, er felld úr gildi reglugerð nr. 46 15. apríl 1951.

Fjármálaráðuneytið, 1. ágúst 1951.

Eysteinn Jónsson.

Kjartan Ragnars.

AUGLÝSING

153

8. ágúst

um leiðréttingar og viðauka við reglur um lyfjagreiðslur sjúkrasamlaga.

Samkvæmt 3. tölulið 21. gr. laga nr. 51/1951, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar og viðauka við þau, hafa verið gefnar út leiðréttingar og viðauki við reglur, sem um getur í auglýsingu nr. 41 31. marz 1951, um lyfjagreiðslur sjúkrasamlaga, til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 8. ágúst 1951.

Steingrímur Steinþórsson.

Hallgrímur Dalberg.